

Miðvikudaginn 31. maí 1933.

Nr. 30/1933. **Magnús Jónsson, próf. juris.**

gegn

Halldóri R. Gunnarssyni.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi mætti í málinu, er það skyldi þingfest, lagði fram áfrýjunarstefnu, en ágrip dómsgerða hefir eigi komið til réttarins, og það um frest til október næstkomandi. Stefndi mætti og mótmælti öllum fresti og krafðist frávisunar og ómaksbóta.

Gegn mótmælum stefnda verður frestur eigi veittur og verður því að frávísa málinu og dæma stefnda ómaksbætur, er ákveðast 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu visast frá dómi. Áfrýjandi, Magnús Jónsson próf. juris., greiði stefnda, Halldóri R. Gunnarssyni, 30 krónur í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. júní 1933.

Nr. 3/1933. **Jóhannes Kr. Jóhannesson** (Sjálfur)

gegn

Engilbert Hafberg

(Garðar Þorsteinsson).

Vinnulaunakröfu áfrýjanda skuldajafnað við húsaleigukröfu stefnda.

Dómur einkalöggluréttar Reykjavíkur 11. júní 1932:
Kærður, Engilbert Hafberg, skal vera sýkn af kröfu kær-

andans, Jóhannesar Kr. Jóhannessonar, í máli þessu og málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir hér fyrir dómi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 219,30 með 5% ársvöxtum frá 2. júní 1932 til greiðsludags, og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Stefndi hefir viðurkennt það fyrir hæstarétti, að áfrýjandi hafi unnið í þarfir hans frá 9—21. maí 1932 og hafi réttilega reiknað sér fyrir þá vinnu kr. 219,30. Hinsvegar er það upplýst með reikningum stefnda og yfirlýsingu konu áfrýjanda, sem jafnan annaðist húsaleigugreiðslur þeirra hjóna til stefnda, að áfrýjandi stóð í 235,01 króna húsaleiguskuld við stefnda 14. maí 1932, fyrir íbúð þá, er áfrýjandi hafði þá í húsi stefnda við Mjóstræti 6 hér í bæ. Áfrýjandi hefir loks viðurkennt það í málinu í héraði, að áðurnefnd vinnulaun hafi átt að ganga upp í húsaleiguskuldina til 14. maí 1932. Af þessari ástæðu gat stefndi komið húsaleigukröfu sinni að til skuldajafnaðar við kröfu áfrýjanda án gagnsóknar fyrir einkalögregluréttinum, og verður því að sýkna stefnda í máli þessu, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi og staðfesta hann að niðurstöðu til.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 100,00 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jóhannes Kr. Jóhannesson, greiði

stefnda, Engilbert Hafberg, 100 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir einkalögregluréttinum af Jóhannesi Kr. Jóhannessyni, Bárugötu 34, hér í bæ, með stefnu útgefinni 2. f. m. gegn Engilbert Hafberg til heimilis á Grettisgötu 65, hér í bænum, til greiðslu vinnulauna, að upphæð kr. 219,30 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Kærandi hefir haldið því fram í málinu, að hann hafi unnið hjá kærðum að viðgerð við húsið nr. 6 í Mjóstræti, þar sem kærandi bjó, dagana 9.—21 maí þ. á. eða samtals 129 tíma. Hefir hann gert kröfu um kr. 1,70 um timan, þar sem um fagvinnu hafi verið að ræða og nemur upphæðin samkv. reikningum í réttarskjali nr. 2 kr. 219,30 eða hinni umstefndu upphæð.

Kærður hefir og viðurkennt það, að kærandi muni hafa unnið hjá sér þennan tilgreinda tíma, að fráskildum 21. maí, sem hann hefir mótmælt sem oftöldum og kröfunni þar afleiðandi ofhárri, sem því skiptir, en jafnframt hefir hann haldið því fram að kaupkrafa þessi hafi átt að ganga til skuldajafnaðar við húsaleiguskuld kæranda, sem hann telur vera fram til 1. október þ. á. kr. 795,00 alls, enda sé húsaleiguskuldin öll fallin í gjalddaga þar sem kærandi hafi flutt án löglegrar uppsagnar. Kærandi hefir að nokkru leyti mótmælt því að húsaleigukrafa komist hér að auk þess sem hann hefir mótmælt því að hann skuldaði kærðum nokkra húsaleigu, heldur hefði hann ofborgað húsaleigu til maimánaðarloka, en eftir þann tíma telur hann sér ekki skylt að greiða húsaleigu þar sem hann hafði flutt úr húsnæðinu löglega.

Það verður að teljast fullsannað í máli þessu með játtun kærðs og því öðru, sem fram er komið í málinu, að kærandi eigi kröfu til þessa kaups, sem umræðir í reikningum í réttarskj. nr. 2, en hinsvegar verða teljast fram komnar nægilegar líkur fyrir því að kærður hafi átt rétt á að koma að til skuldajafnaðar því sem kærandi kynni

að skulda í húsaleigu og verður því húsaleigukrafa hans einnig rannsökuð hér í réttinum.

Það er að vísu svo, að kvittanir þær er kærður hefir afhent við greiðslu húsaleigu fyrir íbúð kæranda eru mjög óskýrar og óheppilega orðaðar, en þó verður það að teljast rétt sérstaklega með tilliti til vottorðsins í réttarskj. nr. 4, sem verður að skoðast sem aðalýfirlýsing, að húsaleiguskuldin hafi verið kr. 225,00 við maímánaðarlok og auk þess verður að telja að kærandi hafi ekki sannað rétt til að flytja úr húsnæðinu á þeim tíma, er hann flutti án þess jafnframt að sjá um greiðslu húsaleigunnar til 1. október næstkomandi.

Af þessum ástæðum verður að taka kröfu kærðs til greina um skuldajöfnuð þannig, að hinn umstefndi reikningur færist sem greiðsla upp í húsaleiguskuld kæranda, sem þá lækkar sem því nemur eða um kr. 219,30, en málskostnaður fellur niður.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 12. júní 1933.

Nr. 34/1930. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn

Aðalsteini Pálssyni (Guðm. Ólafsson).

Botnvörpuveiðar. — Sýknun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. marz 1930: Kærður Aðalsteinn Pálsson, greiði 13500 króna sekt til Landhelgisjórðs Íslands og komi 8 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa, svo og allan af máli þessu löglega-leiddan og leiðandi kostnað.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í b/v R. E. 153 „Belgaum“ frá Reykjavík skulu upptæk og andvirði renna í sama sjóð og sektin.

Dómnum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.